

2. Vatnsgjald verði kr. 525.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1974 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 70%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 60%.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík, sbr. reglugerð nr. 2 10. janúar 1974.

1. gr.

1. málsliður a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að $\frac{2}{3}$ hlutum sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 2 10. janúar 1974 felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.